

## Erindi Kristins Gestssonar

Formenn félaga, ágætu fundarmenn.

Kristinn heiti ég Gestsson og hef verið endurskoðandi VFÍ allt frá árinu 1987-1988 og TFÍ frá því samrekstur þess hófst með VFÍ, svo og SV og sjóða frá árinu 2000.

Um margra ára skeið hefur sameining þessara félaga oftlega komið til umræðu, en aldrei hefur sú umræða náð eins langt og nú, þar sem stýrihópur sem skipaður er formönnum og varaformönnum félaganna hefur ákveðið að leggja nú fram tillögu um nýtt sameinað félag á grunni VFÍ.

Stýrihópurinn og nefndir sem starfað hafa á vegum hans hafa lagt fram helstu forsendur og markmið hins nýja félags í nánustu framtíð, sem kynntar hafa verið, og verða væntanlega kynntar enn frekar hér að öðrum aðilum. Eitt af því sem væntanlegir félagsmenn hins nýja félags fýsir að vita er í hverju starfsemi þess verður frábrugðin þeim gömlu, á hvaða sviðum þjónustan muni aukast, hvað muni breytast, og síðast en ekki síst hvað þjónustan muni síðan kosta, þ.e. hvert verður almennt félagsgjald hins nýja félags.

Í lok síðasta mánaðar fól stýrihópurinn framkvæmdastjórum félaganna, Loga Kristjánssyni og Árna Birni Björnssyni, ásamt mér að gera drög að fjárhagsáætlun hins nýja félags á árinu 2007 og leitast jafnframt við í framhaldi þess að gera okkur í hugarlund á hvaða bili aðildarfélagsgjald félagsins þyrfti að verða. Við þessa áætlanagerð tókum við mið af áætlunum félaganna fyrir yfirstandandi rekstrarár svo og fram settra markmiða nýja félagsins.

Á grunni þessara fram settu markmiða nýja félagsins, um stærra og öflugra félag, er auðvelt að setja upp áætlun sem krefðist mun hærri útgjalda en gömlu félögin hafa áður borið, en við gerð áætlunarinnar í upphafi höfum við áætlunarmenn þó leitast við að gæta mjög hófs.

Félagsmenn verða hins verðar að gera sér ljóst að öll starfsemi hins nýja félags miðast við þá fjármuni sem það hefur úr að spila og í því sambandi verður það að viðurkennast að félagsgjöld gömlu félaganna á undanförunum árum hafa verið mjög lág í samanburði við félagsgjöld annarra sambærilegra félaga.

1. Á almenna markaðinum greiða félagsmenn 1% af dagvinnulaunum í félagsgjald, til dæmis hjá VR. Hjá Trésmíðafélagi Reykjavíkur er gjaldið 3.286.- kr. á mánuði.
2. Flugfreyjur og hjúkrunarfræðingar greiða 1,5% af föstum launum.
3. Framhaldsskólakennarar greiða 1,6% af föstum launum.
4. Félagar í Félagi náttúrufræðinga greiða 1,7% af föstum launum.
5. Hjá Lögmannafélagi Íslands er félagsgjaldið kr. 37.000.-
6. Hjá félagi löggiltra endurskoðenda er félagsgjaldið kr. 55.000.-
7. Hjá Tannlæknafélagi Íslands var félagsgjaldið fyrir árið 2004 kr. 50.100.-

Ennfremur kemur fram séu félagsgjöld gömlu félaganna reiknuð út miðað við þróun launavísitölunnar á árabílinu 1990-2005 þá hafa félagsgjöld VFÍ lækkað um tæp 56%, félagsgjöld TFÍ um tæp 30% og félagsgjöld SV um tæp 17%.

Í áætluninni er gengið út frá eftirfarandi félagafjölda í hverju félagi, eins og hann var í október sl.

VFÍ	1.130 félagar
TFÍ	934
SV	1.059
	<u>3.123 félagar</u>
- SV/VFÍ	481 (félagar í báðum félögum)
Samtals:	<u>2.642 félagar.</u>

Meðal þessara félagsmanna eru erlendisbúandi sem greiða einungis 1/3 hluta félagsgjalds (11) og ungfélagar, nemar og félagar 70 ára og eldri ásamt heiðursfélögum (276) sem eru gjaldfrír.

Að teknu tilliti til hóflegra afskrifta, einhvers brottfalls félagsmanna og að teknu tilliti til útgjaldaáætlunar þykir okkur óvarlegt að miða við lægra almennt félagsgjald en kr. 26.000.- í þessum drögum okkar.

Félagsgjöld gömlu félaganna voru æði mismunandi þar sem hver félagsmaður var í reynd bara að kaupa hluta þjónustunnar, þ.e. þann hluta sem hann taldi sér nauðsynlegan t.d. með aðild sinni að SV, en ekki fagfélaginu VFÍ. Af þessum sökum sjá aðilar fram á mismunandi lækkun á félagsgjöldum nú eftir því hvar þeir voru félagsmenn áður.

Nú kunna einhverjir að álykta að með sameiningu félaganna skapist þau samlegðaráhrif að félagsgjöldin geti að einhverju leyti tekið mið af þeim ávinningi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að í sameiningu þessara félaga séu takmörkuð samlegðaráhrif, þar sem starfsemi hvers félags hefur að miklu leyti verið á afmörkuðum sviðum og stjórnun, bókhald og umsjón hefur ekki verið stór hluti af störfum aðila, ekki svo að segja að þegar fram í sækir megi ná fram talsverðri hagræðingu með endurskipulagningu starfa og vinnuferla til lengri tíma litið.

A.m.k. eru samlegðaráhrif í þessari sameiningu ekki sambærileg við það sem næst fram þegar verið er að sameina tvö fyrirtæki þar sem hægt er að fækka fólki í yfirstjórn og oft gera eitt starf úr tveimur.

Fyrir utan tilgreinda tillögu að hækkun og samræmingu félagsgjalda í eitt gjald eru eftirfarandi breytingar þær helstu sem við leggjum til í þessari fjárhagsáætlun fyrir félagið.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir lækkun félagsgjalda eða greiðslu til landsbyggðafélaga, (þ.e. 25% hluta félagsgjalda þeirra sem búa á landsbyggðinni) (2,3 m.kr.) né þóknunar eða framlaga til fagdeilda eða hópa. (Hafa fengið 500 kr. pr. Féлага) (1,3 m.kr.).

Að kjarasjóðir TFÍ greiði 10% umsýslugjald til félagsins, sem er sama hlutfall og sjóðir SV greiða nú.

Að hússjóður VFÍ greiði 5% umsýslugjald af tekjum sínum til félagsins.

Í áætluninni er gert ráð fyrir 2.5 m.kr. hækkun launa strax á árinu 2006 vegna eins starfs á skrifstofu vegna aukinnar vinnu, ekki síst við kjarasjóði.

Á árinu 2007 er gert ráð fyrir að laun hækki um 5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að formaður geti verið í allt að 50% starfi frá og með árinu 2007.

Samfara aukninguá starfsfólki er nauðsynlegt að fjölga starfsstöðum og stækka húsnæði félagsins á þessu árabili þannig að húsnæðiskostnaður er hækkaður um 1,8 m.kr. frá og með árinu 2007.

Verkefnatekjur og gjöld, sjá samantekt í fjárhagsáætlun.